



Stefna
Dómstólasýslunnar

2018 - 2022



DÓMSTÓLASÝSLAN

Útgefandi:

Dómstólasýslan
Suðurlandsbraut 14, 3. hæð
108 Reykjavík.
S: 432 5010

Framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar:

Ólöf Finnsdóttir

Formaður dómstólasýslunnar:

Benedikt Bogason

Aðrir stjórnarmenn:

Hervör Þorvaldsdóttir
Kristín Haraldsdóttir
Íris Elma Guðmann
Halldór Björnsson

Hönnun og umbrot:

Kría hönnunarstofa

Inngangur

Dómstólasýslan er sjálfstæð stjórn-sýslustofnun sem hefur það meginhlutverk að annast og vera í fyrirsvari fyrir sameiginlega stjórn-sýslu dómstólanna allra með það að markmiði að efla og styrkja sameiginlega stjórn-sýslu þeirra og um leið stuðla að samræmingu í framkvæmd er varðar innri starfsemi allra dómstíganna þriggja. Dómstólasýslan lýtur ekki boðvaldi annarra aðila innan dómskerfisins og er óháð löggjafar- og framkvæmdarvaldinu. Í því skyni að dómstólasýslan geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu og rækt skyldur sínar gagnvart dómstólunum á sem bestan hátt var ákveðið að vinna stefnu fyrir dómstólasýsluna með hliðsjón af meginhlutverki dómstólanna.

Stefna dómstólasýslunnar byggist m.a. á hlutverki dómstólasýslunnar og stjórnar hennar á grundvelli ákvæða laga um dómstóla nr. 50/2016, en stefna dómstólaráðs og héraðsdómstólanna fyrir árin 2012-2015 var einnig höfð til hliðsjónar. Í stefnunni er hlutverk og forgangsröðun verkefna dómstólasýslunnar skilgreind út frá fjórum meginþáttum; þjónustu, verklagi, mannauði og fjármálum, ásamt því að byggt er á gildum um sjálfstæði, traust, skilvirkni og gæði. Við undirbúning og vinnu við mótun stefnunnar kallaði stjórn dóm-

stólasýslunnar til samráðs fulltrúa dómstjóra og stjórnenda héraðsdómstólanna, forseta og skrifstofustjóra Hæstaréttar og Landsréttar, ásamt því að fundað var með fulltrúum frá dómismálaráðuneytinu, ríkissaksóknara, Lögmannafélagi Íslands og Bláðamannafélagi Íslands. Þá voru og haldnir fundir með formönnum nefndar um dómarastörf og dómnefndar um hæfni umsækjenda um embætti dómara. Loks var stefnan send öllum starfsmönnum dómstólanna til umsagnar. Með stefnunni fylgir áætlun þar sem aðgerðir til þess að ná settum markmiðum eru skilgreindar, tilgreint hver ber ábyrgð á framkvæmdinni, ásamt því að þegar við á eru settir mælikvarðar í þeim tilgangi að meta árangur. Ef aðgerðum fylgja sérstök rekstrarútgjöld er áætlað fyrir þeim kostnaði í fjármálaáætlun og rekstraráætlun ár hvert. Í frumvarpi með lögum um dómstóla nr. 50/2016 er m.a. lögð áhersla á mikilvægi þess að kostnaður við dómskerfið vaxi ekki úr hófi samanborið við þann ávinning sem af millidómstigi leiðir þannig að tryggð sé hagkvæm nýting á opinberu fé og að ekki dragi úr skilvirkni. Eitt meginmarkmið stefnu dómstólasýslunnar er að stuðla að því að framangreindum markmiðum laganna verði náð.

Hlutverk stjórnar dómstólasýslunnar er skilgreint í 7. gr. dómstólalaga, en þar segir svo:

”

Stjórn dómstólasýslunnar leggur mat á og gerir tillögu til ráðherra um nauðsynlegar fjárveitingar til dómstólasýslunnar, Hæstaréttar og Landsréttar og sameiginlega fjárveitingu til héraðsdómstólanna. Sé vikið frá tillögum dómstólasýslunnar skal ráðherra greina fjárlaganefnd frá ástæðum þess auk þess sem gera skal grein fyrir frávikum í frumvarpi til fjárlaga.

Dómstólar skulu skilgreindir sem sérstakt málefnasvið í frumvarpi til fjárlaga og í fjárlögum. Í fjárlögum skal kveðið sundurliðað á um fjárveitingar til Hæstaréttar Íslands, Landsréttar, héraðsdómstólanna sameiginlega og dómstólasýslunnar. Stjórn dómstólasýslunnar skiptir á milli héraðsdómstólanna fé sem skal veitt þeim í einu lagi með fjárlögum.

Stjórn dómstólasýslunnar ákveður fjölda héraðsdómara og annarra starfsmanna við hvern héraðsdómstól og setur almennar reglur um flutning dómara á milli þeirra.

Stjórn dómstólasýslunnar setur reglur um leyfi dómara frá störfum og veitir dómurum leyfi.

Stjórn dómstólasýslunnar setur reglur um meðferð mála hjá dómstólasýslunni og ákveður verkaskiptingu milli stjórnar og framkvæmdastjóra auk þess að ákveða hvaða stjórnarsýsluverkefni skuli heyra undir dómstólasýsluna og hver undir forstöðumenn dómstólanna að því leyti sem þessi atriði eru ekki ákveðin í lögum.

“



Hlutverk dómstólasýslunnar er skilgreint í 8. gr. dómstólalaga í sjö töluliðum. Upptalning er ekki tæmandi, en hún er þessi:

1. Að vera í fyrirvari fyrir sameiginlega stjórnýslu dómstólanna og koma fram gagnvart stjórnvöldum, fjölmiðlum og öðrum í þágu dómstólanna sameiginlega.
2. Að skipuleggja símenntun dómara og annarra starfsmanna í þjónustu dómstóla.
3. Að fara með yfirstjórn upplýsingamála og tæknimála dómstólanna, annast þróun þeirra mála og eftir þörfum ábendingar af því tilefni.
4. Að safna saman og birta upplýsingar um fjölda og afgreiðslu mála við dómstóla og gefa út ársskýrslu um starfsemi sína og dómstólanna.
5. Að stuðla að samræmingu og hafa eftirlit með framkvæmd reglna um málaskrár dómstóla, þingbækur, atkvæðabækur, búnað til upptöku á hljóði og mynd í þinghöldum, dómabækur og varðveislu málsskjala og upptaka í þinghöldum hjá dómstólum, samkvæmt þessum lögum, lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála.
6. Að setja starfsreglur um samræmda framkvæmd við héraðsdómstóla en stjórn dómstólasýslunnar getur ákveðið að slíkar reglur verði bindandi ef þær varða ekki meðferð dómsmáls að því leyti sem dómari ber einn ábyrgð á henni.
7. Að gera tillögur um hvað eina sem getur orðið til úrbóta í störfum dómstóla og löggjöf sem um þá gilda.

Á grundvelli 4. mgr. 9. gr. dómstólalaga skal nefnd um dómaraströf hafa aðstöðu hjá dómstólasýslunni og á grundvelli 2. mgr. 11. gr. dómstólalaga skal það sama gilda um dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti dómara. Þá hefur dómsmálaráðuneytið farið þess á leit við dómstólasýsluna að endurupp-tökunefnd fái aðstöðu hjá stofnuninni og hefur hún tekið vel í það.


Með stefnunni er dómstólasýslunni og stjórn hennar mörkuð framtíðarsýn með gildum og markmiðum með það að leiðarljósi að efla sameiginlega stjórnýslu dómstólanna og stuðla um leið að samræmdri framkvæmd mála er varða innri starfsemi dómstíganna þriggja.

Meginhlutverk

Dómstólasýslan annast og er í fyrirsvari fyrir sameiginlega stjórnsýslu dómstólanna allra og stuðlar með því að því að dómstólarnir geti sem best rækt hlutverk sitt. Meginhlutverk dómstólanna er að tryggja rétt allra til réttlátrar og opinberrar málsmeðferðar innan hæfilegs tíma fyrir sjálfstæðum og óvilhóllum dómstóli og stuðla að vitund um það.

Gildi

Dómstólasýslan gengur út frá eftirfarandi gildum í öllum störfum sínum:



Meginmarkmið

Dómstólasýslan gengur út frá eftirfarandi meginmarkmiðum í störfum sínum:

ÞJÓNUSTA	VERKLAG	MANNAUÐUR	FJÁRMÁL
Réttlát og opinber málsmeðferð	Gagnsæ upplýsingamiðlun	Hæfir starfsmenn	Markviss áætlanagerð
Sjálfstæðir og óvilhallir dómstólar	Skilvirkni og gæði	Eftirsóknarvert starfsumhverfi	Rekstur í samræmi við fjárheimildir
Traust til dómstólanna	Hagkvæmni	Markviss símenntun	Kostnaðarvitund
		Traust og virðing	

Aðgerðir

Stjórn dómstólasýslunnar metur reglulega stöðu á framkvæmd stefnunnar, t.d. með reglulegum fundum með dómstjórum og forsetum.

Árlega verða haldnir stærri fundir sem eru vettvangur til að kynna áætlanir og fá hugmyndir frá starfsmönnum og stjórnendum.

Þjónusta

Réttlát og opinber málsmeðferð

Grundvallarregla réttarríkis er réttlát og opinber málsmeðferð. Þinghöld eru yfirleitt opin og úrlausnir dómstóla aðgengilegar þannig að allir geti fylgst með störfum þeirra. Dómstólasýslan leggur áherslu á það í störfum sínum að virða þá grundvallarreglu og um leið styðja dómstólana til þess.

Aðgerðir:

- » Dómstólasýslan fylgir eftir ákvæðum dómstólalaga og nýjum reglum dómstólasýslunnar um birtingu dóma þannig að samræmi verði í birtingu þeirra á öllum dómstigum. Reglur dómstólasýslunnar um birtingu dóma verða endurskoðaðar m.a. með tilliti til nafnleyndar og birtingar viðkvæmra persónuupplýsinga. Skipaður verður starfshópur með fulltrúum allra dómstiga sem vinna að endurskoðun reglnanna. Skoðaðir verði möguleikar á því að allir héraðsdómar birtist á sömu vefsíðunni en ekki undir hverjum héraðsdómstóli.
- » Leitarorð Hæstaréttar, Landsréttar og héraðsdómstólanna verða samræmd og vefsíðurnar verða með sambærilega leitarvirkni.
- » Dómstólasýslan kannar hvort ástæða sé til þess að setja reglur um myndatökur í og við dómhús.

Sjálfstæðir og óvilhallir dómstólar

Dómarar eru sjálfstæðir í dómstörfum og leysa þau af hendi á eigin ábyrgð. Við úrlausn máls fara þeir eingöngu eftir lögum og lúta þar aldrei boðvaldi annarra. Dómstólasýslan virðir og stuðlar að sjálfstæði dómstólanna í störfum sínum.

Aðgerðir:

- » Skoðað verður hvort ástæða er til þess að dómstólasýslan taki þátt sem áheyrandi (observer) í ENCJ (European Network of Councils for the Judiciary). Dómstólasýslan áætlar ár hvert fyrir kostnaði af þátttöku Dómarafélags Íslands í alþjóðlegu samstarfi. Dómstólasýslan leitast við að styðja við daglega umsýslu í starfsemi Dómarafélags Íslands til þess að styrkja mikilvæga starfsemi félagsins í samráði við formann félagsins þar um.

Traust til dómstóla

Starfsmenn dómstólanna og dómstólasýslunnar vinna störf sín af heilindum og lögum samkvæmt. Þeir sýna þeim sem til dómstólanna leita virðingu og skilning og gæta jafnræðis og jafnréttis í hvívetna. Dómstólarnir og dómstólasýslan vinna að því að gera hlutverk dómstólanna sýnilegt í samfélaginu.

Aðgerðir:

- » Dómstólasýslan tilnefnir hæfilegan fjölda sérfróðra meðdómsmanna samkvæmt lögum um dómstóla nr. 50/2016. Haldin verða reglubundin námskeið fyrir þá sem eru tilnefndir til starfa sem sérfróðir meðdómsmenn enda skal dómstólasýslan stuðla að því að sérfróðir meðdómsmenn búi yfir lágmarksþekkingu á réttarfari og meðferð dómsmála.
- » Útgefnar verða í samvinnu við Lögmannafélag Íslands leiðbeiningar fyrir dómkvadda matsmenn ásamt því að haldið verður sérstakt námskeið til þjálfunar fyrir matsmenn.
- » Dómstólasýslan gerir reglubundið viðhorfskönnun um þjónustu dómstólanna og verklag meðal lögmanna og saksóknara. Jafnframt verða kannaðir möguleikar á að gera sambærilega könnun meðal vitna og aðila máls. Niðurstöðurnar verða rýndar og gripið til ráðstafana í samráði við forstöðumenn dómstólanna ef þörf krefur.
- » Dómstólasýslan mun vinna að kynningu á starfsemi dómstólanna með margvíslegum hætti, m.a. með upplýsingum á vef dómstólanna og með ýmis konar fræðslu fyrir nemendur. Kannaður verður möguleiki á því að bjóða upp á „netspjall“ á vefsíðu dómstólanna í samráði við starfsmenn dómstólanna.



Verklag

Gagnsæ upplýsingamiðlun

Dómstólarnir og dómstólasýslan miðla upplýsingum um starfsemi dómstólanna og leitast við að tryggja að þeir sem nýta dómstólana, starfsmenn þeirra, fjölmiðlar og almenningur, séu vel upplýstir um starfsemina og eigi auðvelt með að nálgast upplýsingar um hana hverju sinni.

Aðgerðir

- » Dómstólasýslan vinnur að og hefur eftirlit með samræmdri skráningu mála og annarra erinda hjá dómstólunum þannig m.a. að ferill mála sé rekjanlegur frá þingfestingu í héraði til dóms í Hæstarétti. Dómstólasýslan hefur samráð við stjórnendur í hverjum dómstóli fyrir sig um að hvetja starfsmenn og efla ábyrgð og vitund á mikilvægi þess að skráð sé rétt og samræmt í öll upplýsingakerfi.
- » Tölfræðiupplýsingar um fjölda mála, tegund þeirra og málsmeðferðartíma, verða birtar í aðgengilegu formi á vefsíðum allra dómstiga. Unnin verður ársskýrsla þar sem gerð verður nánari grein fyrir rekstri dómstólasýslunnar og dómstólanna. Dómstólasýslan setur reglur um: málaskrár, þingbækur, búnað til hljóð- og myndupptöku, varðveislu málskjala og upptaka. Þá verður útbúin og innleidd samræmd skjalastefna dómstólanna og ferli út frá lögum um skil til Þjóðskjalasafns. Dómstólasýslan útbýr verklag um framkvæmd reglna dómstólasýslunnar um aðgang að gögnum og upplýsingum. Dómstólasýslan mun beita sér fyrir því að dómara eigi ávallt fulltrúa á ráðstefnum og málþingum er varðað geta starfsemi dómstólanna. Leitað verður eftir samstarfi við Dómarafélag Íslands í þeim tilgangi. Dómstólasýslan leitast við að eiga sem best samskipti við fjölmiðla og fundar árlega með fulltrúum þeirra.

Skilvirkni og gæði

Dómar eru kveðnir upp innan lögmæltra tímamarka á grundvelli réttlátrar og óvilhallrar málsmeðferðar. Dómstólararnir leitast við að fylgja alþjóðlegri þróun og mælikvörðum um skilvirkni og gæði. Dómstólasýslan leggur áherslu á það í störfum sínum að styðja dómstólana þannig að þeir geti á sem bestan hátt mætt þeim kröfum sem til þeirra eru gerðar um skilvirkni og gæði.

Aðgerðir

- » Dómstólasýslan kannar reglubundið málsmeðferðartíma á hverju dómstigi fyrir sig ásamt því að skoða hvort dómar og úrskurðir í héraði séu kveðnir upp innan lögmæltis frests. Dómstólasýslan beitir sér fyrir því að dómstjórar hafi með sér samráðsvettvang um það sem upp kemur í daglegum störfum. Dómstólasýslan setur í lok árs fram áætlun fyrir komandi ár um reglubundna fundi með dómstjórum og forsetum, m.a. til umræðu um samræmda framkvæmd, fjölda mála, skilvirkni og hraða við meðferð mála og annarra ákvarðana við dómstólana og hvað eina sem getur orðið til bóta í störfum þeirra. Unnin verður þarfagreining fyrir innri upplýsingavef dómstólasýslunnar þar sem verður að finna m.a. útgefnaar reglur dómstólasýslunnar og annað útgefið efni, auglýsingar um námskeið og fræðslu hérlendis sem erlendis, umsóknir fyrir námsleyfi, umsóknir um námsstyrki, viðburði á vegum dómstólasýslunnar o.fl.
- » Dómstólasýslan skoðar í samráði við dómstjóra og forseta þörf fyrir aukinn tækjabúnað, þar með fjarfundarbúnað og aðstöðu í dómsölum. Dómstólasýslan tekur þátt í áætlun dómismálaráðuneytisins um innleiðingu rafrænnar gáttar fyrir framlögð gögn og sendingar á milli stofnana réttarvörslukerfisins.
- » Stefnt verði að því að halda reglubundna fundi með m.a. með ríkissaksóknara, Lögmannafélagi Íslands og Dómismálaráðuneytinu um hvaðeina sem betur má fara við rekstur dómstólasýslunnar og dómstólanna. Fulltrúar í stjórn dómstólasýslunnar ásamt framkvæmdastjóra halda árlegan fund með fulltrúum fjölmiðla þar sem rætt er um það sem betur má fara í samstarfi fjölmiðla og dómstóla.
- » Dómstólasýslan fylgist með og metur hvort ástæða er til þess að gera tillögur til breytinga á löggjöf um starfsemi dómstólanna.

Hagkvæmni

Dómstólarnir og dómstólasýslan tryggja að samræmdir verkferlar, formskjöl og upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að starfsmenn geti sinnt skyldum sínum séu aðgengilegar öllum starfsmönnum og gagnvart þeim sem nýta þjónustu dómstólanna.

Aðgerðir

- » Dómstólasýslan sér um innkaup samkvæmt útboði og gerir þjónustusamninga um rekstur tölvu- og upplýsingakerfa héraðsdómstólanna og Landsréttar. Stefnt er að því að Hæstiréttur falli undir sömu þjónustusamninga þegar fram í sækir.
- » Dómstólasýslan vinnur nýjan mælikvarða um vægi mála hjá héraðsdómstólunum.
- » Dómstólasýslan leiðir greiningarvinnu varðandi stoðþjónustu við rekstur dómsmála í samvinnu við dómstjóra og forseta Landsréttar.
- » Dómstólasýslan leiðir vinnu við nýsmíði málaskrár héraðsdómstólanna í samvinnu við dómstjóra. Kannað verður hagræði af nýsmíði málaskrár fyrir Hæstarétt.



Mannauður

Hæfir starfsmenn

Dómstólarnir og dómstólasýslan vilja laða að og halda í hæfa, jákvæða og metnaðarfulla starfsmenn og stjórnendur sem geta stuðlað að því að dómstólarnir og dómstólasýslan nái sem best markmiðum sínum hverju sinni í síbreytilegu starfsumhverfi. Við ráðningu er horft til hæfni, menntunar, starfsreynslu og annarra þátta sem máli kunna að skipta.

Aðgerðir

- » Dómstólasýslan skipar dómstjóra og skýrir hlutverk þeirra og veitir þeim og forsetum sem og öðrum stjórnendum dómstólanna stuðning og ráðgjöf varðandi starfsemi dómstólanna og starfsmenn þeirra. Í samvinnu við stjórnendur dómstólanna verður unnið að samræmdum starfs- og hæfnislýsingum fyrir öll störf hjá dómstólunum. Starfs- og hæfnislýsingar verða hafðar að leiðarljósi við ráðningar í störf hjá dómstólunum. Dómstólasýslan veitir stuðning og ráðgjöf um ráðningar eftir þörfum.
- » Allir nýir starfsmenn dómstólanna fá markvissa þjálfun og sérstakan leiðbeinanda í upphafi starfs en dómstólasýslan skipuleggur og heldur utan um þjálfunaráætlun fyrir nýja starfsmenn ásamt því að bjóða upp á námskeið fyrir leiðbeinendur. Dómstólasýslan leggur áherslu á að starfslýsingar verði endurskoðaðar reglubundið í kjölfar starfsmannasamtala.

Eftirsóknarvert starfsumhverfi

Skapa þarf starfsmönnum gott starfsumhverfi og aðstæður til þess að ná að samræma þær skyldur sem starf þeirra og fjölskylda leggur þeim á herðar enda bitni slíkt hvorki á þjónustu né á starfsframa þeirra. Starfsumhverfi þarf að vera öruggt og heilsusamlegt og fullnægja reglum laga um aðbúnað, öryggi og hollustu á vinnustað.

Aðgerðir

- » Dómstólasýslan skipuleggur og fylgir eftir stjórnendaþjálfun fyrir alla stjórnendur dómstólanna. Dómstólasýslan leggur áherslu á að dómstjórar, forsetar og aðrir stjórnendur dómstólanna taki þátt í árlegri stjórnendaþjálfun til þess að efla dómstólana sem vinnustað þar sem markviss stefna og mannauðsstjórnun og uppbygging liðsheildar er nýtt til þess að bæta enn frekar árangur og líðan í starfi. Efnisþættir stjórnendaþjálfunar verða ákveðnir út frá þarfagreiningu og í samráði við dómstjóra, forseta og aðra stjórnendur.
- » Dómstólasýslan leggur áherslu á að allir starfsmenn eigi formlegt samtal við sinn næsta stjórnanda einu sinni á ári. Þá er lögð áhersla á að stjórnendur ræði reglulega við sitt fólk og veiti því endurgjöf í starfi. Dómstólasýslan kannar hvernig til hafi tekist með starfsmannasamtöl/dómarasamtöl og gerir tillögur til úrbóta ef þörf krefur, t.d. með því að bjóða upp á námskeið um starfsmannasamtöl eftir þörfum. Dómstólasýslan fylgist með árlegri könnun SFR, Stofnun ársins, og metur þörf á úrbótum hverju sinni. Dómstjórar vinni aðgerðaáætlun í kjölfarið í samvinnu við dómstólasýsluna.
- » Dómstólasýslan gerir þriðja hvert ár eigin viðhorfskönnun meðal starfsmanna dómstólanna og vinnur aðgerðaáætlun í kjölfarið í samvinnu við stjórnendur dómstólanna.

Markviss símenntun

Dómstólarnir og dómstólasýslan leggja áherslu á að starfsmenn byggi upp og auki hæfni sína með markvissri símenntun og þroskandi verkefnum. Dómstólarnir og dómstólasýslan sjá til þess að starfsmenn fái nauðsynlega þjálfun og leiðsögn samkvæmt þörfum dómstólanna og starfsmanna þeirra hverju sinni og svigrúm sér veitt til þess að sinna þessum þáttum.

Aðgerðir

- » Dómstólasýslan mun ráða fræðslu- og upplýsingastjóra sem hefur umsjón með og heldur utan um alla fræðslu og símenntun innan dómstólanna. Fræðsluáætlun verður gefin út reglubundið þar sem verður að finna upplýsingar um námskeið og fræðslu innan lands sem utan. Dómstólasýslan mun standa fyrir árlegum fræðsludegi dómstólanna þar sem umfjöllunarefnið verður ákveðið á grundvelli þarfagreiningar hverju sinni og í samráði við dómstjóra og forseta. Lögð verður sértök áhersla á að öllum starfsmönnum verði gefinn kostur á að taka þátt.
- » Dómstólasýslan mun eig fulltrúa í stýrinefnd norrænu dómstólanna um endurmenntun sem býður reglubundið upp á námskeið fyrir dómara. Þá mun fulltrúi dómstólasýslunnar takta þátt í árlegum ráðstefnum á vegum Evrópuráðsins sem ætlað er að stuðla að kynningu á mannréttindasáttmál- anum meðal annars á meðal dómara. Sérstök námsleið fyrir starfsmenn dómstólanna verður í boði áfram. Dómstólasýslan skipuleggur fræðsluna í samvinnu við Starfsmennt út frá þörfum dómstólanna. Starfsmenn meti í samvinnu við yfirmann hvaða þættir leiðarinnar nýtist þeim til árangurs í starfi.

Traust og virðing

Lögð er áhersla á góðan starfsanda þar sem gagnkvæmt traust, jafnrétti og virðing ríkir milli allra starfsmanna. Framkoma sem veldur öðrum vanlíðan eða óöryggi er ekki liðin. Rík áhersla er lögð á að starfsmenn dómstólanna hafi ekki tengsl við málsaðila sem áhrif geti haft á störf þeirra.

Aðgerðir

- » Dómstólasýslan leggur áherslu á að allir starfsmenn dómstólanna gæti að því, hver fyrir sitt leyti, að farið sé eftir siðareglunum. Dómstjórar og forsetar sjá til þess að starfsfólki sé kunnugt um reglurnar og þær séu eðlilegur þáttur í starfi dómstólanna. Kynning á siðareglum starfsmanna og siðareglum dómara verður haldin m.a. í samráði við formann Dómarafélags Íslands.
- » Dómstólasýslan útbýr í samráði við stjórnendur dómstólanna ferli þar sem kemur fram hvernig tekið skal á framkomu sem ekki er liðin, sbr. reglugerð 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti á vinnustað og um kynferðislega áreitni. Ferlið verður birt á vef dómstólanna.

Fjármál

Markviss áætlanagerð

Hlutverk og þarfir dómstólanna eru lagðar til grundvallar öllum áætlunum.

Aðgerðir

- » Allir dómstólar leggja árlega fram eigin fjárlaga-tillögur og koma þeim til dómstólasýslunnar, annars vegar til eins árs og hins vegar til fimm ára, til samræmis við fjármálaáætlun. Í kjölfarið fundar stjórn dómstólasýslunnar með forsetum og dómstjórum þar sem þeir gera grein fyrir og rökstyðja tillögur sínar. Dómstólasýslan leggur mat á og gerir tillögur til ráðherra um nauðsynlegar fjárveitingar.

Rekstur í samræmi við fjárheimildir

Dómstólarnir og dómstólasýslan viðhafa góða fjármálastjórn og starfa innan fjárheimilda.

Aðgerðir

- » Haldnir verða fundir ár hvert með dómstjórum og forsetum þar sem þeir gera grein fyrir rekstrarútkomu ársins. Dómstjórar og forsetar geri dómstólasýslunni grein fyrir og veiti skýringar á frávikum.

Kostnaðarvitund

Tryggja á að rekstur sé hagkvæmur, verkefni séu unnin innan áætlana og hagsýni gætt í innkaupum.

Aðgerðir

- » Leitast verður við að innkaup dómstólanna verði samræmd eftir því sem mögulegt er hverju sinni til að ná fram hagræðingu.
- » Dómstólasýslan leitast við að haga innkaupum dómstólanna samkvæmt fyrirfram hönnuðum verkferlum og að hagkvæmum innkaupaaðferðum verði beitt með útboðum og gerð verðkannana.
- » Hugað verði að umhverfisvænum innkaupum.





DÓMSTÓLASÝSLAN





DÓMSTÓLASÝSLAN